

"Bæjarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um hvernig og hvar auglýsingar á vegum bæjarins hafa birst sl. tvö ár. Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um eftirfarandi:

1. Fjöldi auglýsinga

Árið 2012 var Hafnarfjarðarbær með 232 auglýsingar. Árið 2013 276 auglýsingar.

2012 232 auglýsingar

Morgunblaðið 15 auglýsingar 449.693 kr.
Fjarðarpósturinn 48 auglýsingar 4.289.707 kr.
Fréttablaðið 37 auglýsingar 5.315.040 kr.
Hafnarfjörður/ Fótspor 17 auglýsingar 787.620 kr.
Ríkissjóður/ Stjórnartíðindi 21 auglýsing 189.713 kr
Ruv 11 auglýsingar 1.055.318 kr.
Aðrir minna.

2013 276 auglýsingar

Morgunblaðið 14 auglýsingar 387.584 kr.
Fjarðarpósturinn 59 auglýsingar 5.034.799 kr.
Fréttablaðið 75 auglýsingar 6.010.118 kr.
Hafnarfjörður/ Fótspor 20 auglýsingar 1.237.160 kr.
Ríkissjóður/ Stjórnartíðindi 21 auglýsing 110.452
Ruv 16 auglýsingar 1.028.245 kr.
Aðrir minna.

2. Hvar þær hafa birst

Áhersla er lögð á að birta helst ekki í fl. enn einum miðli í einu þar sem fjármagn er takmarkað. Undanfarin ár hefur Hafnarfjarðarbær lagt meiri áherslu á rafræna þáttinn, vefinn og samfélagsmiðla og dregið úr auglýsingum í prentmiðlum á móti. Auglýsingar frá bænum hafa birst í Fjarðarpóstinum, Stjórnartíðindum, Hafnarfjörður, Morgunblaðinu, Fréttablaðinu, netmiðlum, fagttímaritum og á feisbókinni.

3. Kostnað við auglýsingarnar

Undir lykli upplýsingarmála er gert ráð fyrir 15 milljónum á ári í auglýsingar. Þar undir eru allar auglýsingar bæjarins nema menningar – og ferðamál, Hafnarborg og Miðstöð símenntunar. Stærsti hluti

fjárhæðarinnar fer í atvinnu-, skipulags- og viðburða-, og fundaauglýsinga. Lítið sem ekkert hefur verið um ímyndarauglýsingar. Menningar- og ferðamál er með 5.2 milljónir í auglýsingar. Hafnarborg 1 milljón.

4. Ef fastir samningar eru í gangi við einhverja fjölmiðla þá er óskað eftir upplýsingum þar um.
Engir birtingarsamningar eru í gangi.

5. Upplýsingar um stefnu bæjarins í auglýsinga- og kynningarmálum og árlegan heildarkostnað vegna þessa. *Stefna Hafnarfjarðarbæjar í auglýsingamálum endurspeglast í Upplýsingastefnu bæjarins þar sem kveðið er á um að allir bæjarbúar, starfsmenn, fyrirtæki bæjarins og fjölmiðlar séu almennt upplýstir um málefni og starfssemi bæjarfélagsins.*

12. febrúar 2014

Steinunn Þorsteinsdóttir
Upplýsingafulltrúi